

Pistill frá orlofsnefnd

Helga Harðardóttir formaður



Helga Harðardóttir formaður stjórnar orlofs-
sjóðs Fih.

... viðbótarþægindi eru einnig nauðsynleg, eins og heitur pottur, fallett umhverfi, aðstaða til að dvelja utandyra, útigrill og fleira í þeim dúr.

Orlof er tími sem við notum gjarnan til að sinna eigin hugðarefnum, til ferðalaga eða hvíldar. Stjórn orlofssjóðs Fih er umhugað um að létta undir með félagsmönnum þannig að orlofið geti orðið ánægjulegt og endurnærandi.

Orlofshús orlofssjóðs eru flaggskip þeirra kosta sem sjóðurinn býður uppá. Orlofs-
sjóður á nú átta húseignir; fimm sumarbústaði (þrjá í Grímsnesi, einn í Húsafelli og einn á Úlfljótsvatni) og þrjár íbúðir (tvær í Reykjavík og eina á Akureyri). Orlofsnefnd hefur lagt kapp á að vanda valið á þessum eignum m.t.t. staðsetningar og fyrirkomulags og halda þeim vel við. Til að **íbúðirnar** nýtist sem best í bæ eða borg þurfa þær að vera frekar miðsvæðis þannig að stutt sé í alla almenna þjónustu. Þær þurfa að búa yfir öllum hefðbundnum þægindum en oft er það svo að fólk dvelur ekki endilega mikið í íbúðunum í borgar- eða bæjarferðum heldur nýtir sér frekar afþreyingu og þjónustu. Nýting á **sumarhúsum** er gjarnan með öðrum hætti, en þá er það gjarnan hvíld og ástundun hugðarefna sem er kjarninn í dvölinni. Þá þarf bústaðurinn að rúma vel gestina, viðbótarþægindi eru einnig nauðsynleg, eins og heitur pottur, fallett umhverfi, aðstaða til að dvelja utandyra, útigrill og fleira í þeim dúr.

Aðrir leigukostir orlofssjóðs eru eignir sem orlofssjóður leigir af eigendum þeirra. Orlofssjóður tekur þessar eignir til leigu í 3–6 mánuði í senn og framleigir til félagsmanna. Sumar leigueignir eru einungis í boði yfir sumartímann en aðrar allt árið. Margir slíkir samningar hafa nýst okkur vel og verið endurnýjaðir ár eftir ár. Með þessu fyrirkomulagi höfum við haft tækifæri til að reyna okkur á nýjum stöðum til skemmri tíma án þess að þurfa að leggja í fjárfestingar sem síðan þarf að selja ef þær reynast ekki nógu vel. Það er viðvarandi verkefni orlofsnefndar að vera á höttunum eftir hentugum eignum til framleigu fyrir félagsmenn og endilega látið nefndina eða skrifstofu Fih vita ef þið þekkið til húseiganda sem er tilbúinn að leigja félaginu góða eign á áhugaverðum stað.

Á vordögum sendi orlofsnefndin út **þjónustukönnun** til félagsmanna sem hafa skráð sig á póstlista félagsins. Þátttakan var þokkaleg, um 477 félagsmenn svöruðu og flestir þeirra eru virkir sjóðfélagar. Könnunina mun nefndin nota til að styðja við stefnumótun og ákvarðanir um fjárfestingar og ráðstöfun fjármuna og sem hugmyndapott fyrir breytingar eða nýja orlofskosti. Ljóst er að við munum aftur kanna hug félagsmanna með þessum hætti síðar og hvetjum við sem flesta til að taka þátt og segja hug sinn þegar slíkt tækifæri gefst.

Úr þjónustukönnun: „Finnst frekar stressandi að sækja um, finnst allt vera farið þegar ég ákveð mig, en á nóga punkta.“

Við skipuleggjum sumarleyfi og utanlandsferðir með margra mánaða fyrirvara, til að fá hagstæð kjör. Það sama þarf að viðhafa um umsóknir í orlofssjóð, hvort sem er að vetri eða sumri. Vissulega er mesta ásóknin í kringum almenna frídaga, en oft er hægt að fá leigt að vetri til um helgar svo ekki sé minnst á lausa daga í miðri viku. Nýting eigna yfir vetrartímann er frá 57–90% þannig að möguleikinn er vissulega fyrir hendi að komast að einhvers staðar.